

Stjórnarfundur Leiðsagnar

Vinnudagur 17. janúar 2022 kl. 9:00-17:00

Boðaður fundur stjórnar og varamanna.

Mættir: Friðrik Rafnsson (FR) formaður, Snorri Steinn Sigurðsson (SSS) varaformaður,
Valva Árnadóttir (VÁ) gjaldkeri, Harpa Björnsdóttir (HB) ritari,
Sigrún Pálsdóttir (SP) meðstjórnandi, Guðný Margrét Emilsdóttir (GME) varamaður.

Hjörtur Howser varamaður svaraði ekki fundarboði.

1.	Fundur settur			
1.	Fundur settur	Formaður setur fund og gengið til boðaðrar dagskrár.		
2.	Fundargerð síðasta fundar o.fl. því tengt, þ.m.t. skjalavarsla	<p>Fundargerð síðasta fundar 20.12. 2021 samþykkt með tveimur smá breytingum.</p> <p>Skjalavörslu þarf að bæta, einnig hjá stjórnnum sjóða, kjaranefnd o.fl. nefndum og ráðum. Skiptir líka máli vegna skráningar á sögu félagsins sem byggist upp í skjalasafni. Þarf að ganga á eftir fundargerðum stjórnar og trúnaðarráðs hjá fráfarandi ritara.</p> <p>Rætt um mikilvægi þess að skrá allt sem varðar starf kjaranefndar, þar með kjarasamninga, en einnig afgreiðslu kjaraálitamála og lyktir slíkra mála hjá kjaranefnd. Verkferlar þurfa að vera skjalfestir með fundargerð eða minnispunktum svo nýtt fólk í trúnaðarstörfum nefndarinnar geti betur áttað sig. VÁ mælir með að í hverju máli sem kjaranefnd afgreiði frá sér sé gert stöðuyfirlit um verkferla og afgreiðslu. SSS sem hefur tekið við formennsku í kjaranefnd segir að þetta muni breytast til batnaðar núna og stingur upp á að kjaranefndin fái sérnetfang svo allir í nefndinni geti fylgst með þeim málum sem upp á borð koma og er það samþykkt. Hann tekur að sér að kalla eftir því sem á vantar frá fyrri ritara stjórnar og formanni kjaranefndar.</p> <p>HB býðst til þess að fara yfir skjalavörslu stjórnar LS og eins stjórnar Endurmenntunarsjóðs með starfsmanni og koma fundargerðum þeirra í betra horf og er það samþykkt.</p> <p>Nú er líka rétti tíminn til að kalla eftir stöðuskýrslum frá fastanefndum og öðrum sem skila þurfa ársyfirliti til formanns fyrir aðalfund og skýrslu stjórnar.</p>	Á U Á Á U	Stjórn Friðrik Snorri Snorri Harpa Friðrik

3.	<p>Á Leiðsögn heima í ASÍ, VR, BHM eða annarri stærri einingu sem gæti sinnt stéttarfélagsmálefnum?</p>	<p>Dagskrárliður sem SP hefur lagt til umræðu. Félagið er fámennit og rekið að mestu í sjálfböðavinnu. Það á öflugan sjúkrasjóð sem kosnir félagsmenn úthluta úr. Sama gildir um endurmenntunarsjóð, sem er þó heldur minni. Rætt hvort komi til greina að sameinast stærra og sterkara stéttarfélagi þar sem mannaflí og sérþekking er meiri? Leggja þyrfti slíka spurningu fyrir aðalfund og kanna hvort áhugi sé fyrir því meðal félagsmanna. Fagdeildin stæði þá eftir sem áður sem sérstök eining eða fagfélag, en eins og staðan er í dag eru áhrif hennar og hlutverk innan Leiðsagnar óljós. Mörg slík fag- og stéttarfélög eru t.d. innan vébanda BHM. Fyrri stjórn átti fund með VR til að skoða kosti og galla inngöngu þar. FR er á móti því að kljúfa félagið, telur þann klofning sem hefur orðið vart undanfarið versta óvin félagsins okkar og úr því þurfi að bæta, og hafi hann boðið sig fram til formanns til að sameina félag. LS myndi hugsanlega líka tynast í stærra félagi. Best sé þó að vera opinn fyrir öllum möguleikum og ræða þá innan félagsins. SSS vill heldur alls ekki ganga inn í annað félag, telur hættu á að þá missum við sérstöðu og einnig samningsrétt í kjaramálum. Nefnir Sleipni sem dæmi um lítið félag sem missti sérstöðu sína við inngöngu í annað stærra félag. HB ítrekar nauðsyn á könnun meðal félagsmanna um samsetningu, menntun og fleira, og þá mætti líka kanna hug fólks til þess að ganga í annað stærra stéttarfélag.</p> <p>Rætt um fagdeildargjaldið og hvað fæst fyrir það, en það er t.d. skyndihjálparnámskeið, fræðslunámskeið og þjónusta skrifstofunnar, og auðvitað límmiði á skírteinið. Umræða um að auka þurfi fjölda félagsmanna til að styrkja Leiðsögn, bjóða t.d. fjallaleiðsögumönnum inngöngu sem sér-fagdeild.</p>	U	Stjórn
4.	<p>Fullmanna kjaranefnd, Fagrað, lagabreytinganefnd. Spurning hvort greiða á fundarsetu vegna kjarasamningavinnu?</p>	<p>Meirihluti trúnaðarráðs samþykkir Leif Björnsson sem nýjan aðila í kjaranefnd.</p> <p>Umræða um vinnubrögð við val aðila til trúnaðarstarfa, en SSS minnir á að val kjaranefndar átti að fara fram strax eftir aðalfund en af ýmsum ófyrirsjáanlegum ástæðum hefur fullmönnum ekki gengið sem skyldi og nú er orðið áriðandi að kjaranefnd taki til starfa af fullum krafti. SSS hefur tekið að sér formennsku í nefndinni og þar af leiðandi situr hann í lagabreytinganefnd líka. Nefnir að hann hefur sent fyrirspurn til ASÍ hvort reynslumiklir aðilar hjá þeim gætu komið með í viðræðunefnd. Rætt að ekki megi vera of margir í viðræðunefndinni, ca. 3-6 manns, og vanda þurfi valið vel, framkoma og lagni skipti þar</p>	Á U Á U	Snorri

		<p>miklu máli. En hafa má fleiri í bakvarðasveitinni til ráðgjafar, og hefur m.a. Sigurður Magnússon lýst sig tilbúinn til þess. Þarf að útfæra og taka upp við trúnaðarráð.</p> <p>Mikil vinna er framundan á hendi kjaranefndar og viðræðunefndar, einkum hvílir mikil vinna, álag og ábyrgð á hendi viðræðunefndarinnar í samninga- viðræðum. Er talið sjálfsgagt að greiða fyrir fundarsetu hennar svipað og er gert fyrir stjórnarfundi. Rétt að kanna hvernig þessu hefur verið hagað áður, FR hefur samband við fyrri formenn og spyrst fyrir.</p> <p>Eftir úrsögn JSJ vantar einn aðila í Fagråd. GME gagn- rýnir vinnubrögð þegar á síðsta ári var óskað eftir því við félagsmenn að þeir byðu sig fram til trúnaðar- starfa. Ekki hafi verið haft samband við alla þá sem það gerðu eða þeir teknir í viðtal og ekki þakkað fyrir framboðin. Formanni falið að leita að aðila í fagråd en allar góðar uppástungur þegnar.</p> <p>Umræða í kjölfarið um lagabreytinganefnd og hvort kalla eigi aftur eftir tillögum frá félagsmönnum. Vísað til lagabreytinganefndar.</p> <p>Rætt um hlutverk fagdeildar, fagráðs og fræðslu- nefndar, en hlutverk skarast. mætti e.t.v. sameina?</p>	<p>Á</p> <p>U</p> <p>U</p> <p>U</p> <p>U</p>	<p>Snorri</p> <p>Friðrik</p> <p>Friðrik</p>
5.	Siðareglur	<p>Páll Rafnar siðfræðingur tók að sér að lesa yfir tillögur að nýjum siðareglum og hefur sent ýmsar hugleiðingar sem stjórn fær til yfirlestrar. Sjálfur kemst hann ekki á fund stjórnar í dag vegna covid-veikinda. Áveðið að geyma umræðuna þar til hann kemst á fund.</p> <p>Rætt um viðbragðsáætlun og verkferla ef upp koma kynferðisbrot eða kynferðislegt áreiti. Hjá sumum fag- og stéttarfélögum er til sérstök föst siðanefnd en hjá öðrum er slík nefnd stofnuð tímabundið þegar mál koma upp. Hvort veljum við? Ekki talið heppilegt að í siðanefnd séu aðilar úr stjórn. T.d. hægt að fá fulltrúa frá Stígamótum, Siðfræðistofnun HÍ og Jafnréttisráði. HB hefur útvegað upplýsingar um verkferla hinna ýmsu aðila og eru þeir áframsendir til annara stjórnar- meðlima, en gott að miða við þá, t.d. gætu verkferlar ASÍ nýst okkur.</p>	<p>U</p> <p>Á</p> <p>U</p>	
6.	Vinnustaðaeftirlit	<p>Formaður minnir á fund sem Hjalti Tómasson mætti á hjá LS til að ræða vinnustaðaeftirlit, en Hjalti vinnur f. Báruna og einnig mikið með ASÍ. Hann vill endilega fá aðiila frá LS til samstarfs. Fyrirhugaðaður er fundur formanns og varaformanns með forsvarsmönnum</p>	<p>U</p>	<p>Friðrik</p> <p>Snorri</p>

		Bárunnar til að gera samstarfssamning um vinnustaðaeftirlit á Suðurlandi og kanna kostnað við það. Þarf að framkvæma sem fyrst og gilda út árið 2022. Vinnustaðaeftirlitið heldur reglulega námskeið og ætlar SSS að kanna dagsetningar og kostnað. Síðan er hægt að auglýsa þau meðal félagsmanna, sem geta sótt um styrk til námskeiðanna hjá Endurmenntunarsjóði.	Á	Snorri
7.	Fagdeild, fundur með Kristínu Waage formanni og Steinunni Harðardóttur varaformanni.	<p>KW og SH koma kl. 11 á fundinn að beiðni stjórnar til að ræða málefni Fagdeildar. Stjórn deildarinnar hefur fundað mikið undanfarið ár og reynt að átta sig á stöðu hennar innan Leiðsagnar. Fagdeildin var stofnuð 2017 þegar félaginu var breytt og fagráð síðan stofnað 2020. Telja þær að hlutverk Fagdeildar sé óljóst eftir breytingarnar og snúist mest um það eitt að fara yfir umsóknir um fagaðild og útdeila skildinum, en skjöldurinn hefur í augum margra verið gæðastimpill sem skipti máli. Vilja standa vörð um fagmenntun en fagráð hafi talið forsendur til að útiloka suma frá fagaðild vegna menntunar rangar. skv. fundi sem deildin átti með ráðinu (IHP, JSJ). Ekki hafi heldur verið tekið mark á vinnu fyrri stjórnar fagdeildar og þykir þeim að stéttarfélagið ráði öllu varðandi fagmálin. Auk þess renna fagdeildargjöldin beint til LS og hingað til hefur deildin ekki haft umráðarétt yfir þeim. Hafa ber þó í huga að fagdeildarfólk fær ýmislegt fyrir aðildargjald sitt, skyndihjálpar- og fræðslunámskeið og þjónustu skrifstofunnar, en sama gildir um þá sem standa utan fagdeildarinnar án þess að greiða sérstakt gjald. Ef fagdeildin hefur ekkert hlutverk er hætta á að félagar sjái ekki tilgang með aðild og hætti að greiða gjaldið. Hafa þær KW og SH skoðað önnur félög sem eru bæði fag- og stéttarfélög og velta fyrir sér svipuðu fyrirkomulagi og þar þekktist. Á Norðurlöndum séu leiðsögumenn með fagfélög og flestir vinna sem verktakar.</p> <p>Rætt um lögin sem snúa að aðild, einkum 3.gr og 6 gr.. Rætt um hvort breytingin 2017 hafi verið til góðs eða sé tilraun sem hafi e.t.v. mistekist? Og einnig hvort þessi aðgreining í fagdeild annars vegar og stéttarfélag hins vegar hafi aukið klfning og vandræðagang en ekki eflt hagsmuni eins og stefnt var að? Nauðsynlegt að vinda ofan af þessu með lagabreytingum, eins og unnið er að. Það verður að vera launa- og merkingarmunur í krafti menntunar, en í dag lenda allir í 4. þrepi án tillits til starfsreynslu og ekki hægt að sjá fylgni vegna menntunar í launum.</p> <p>HB stingur upp á umræðufundi á næstunni með fagdeild, fagráði og fræðslunefnd um hlutverk þessara</p>	U	U
			U	

		stofnana félagsins. Einnig í framhaldinu rætt um að boða til fagdeildarfundar til að ræða þessi mál, en ekki hefur verið haldinn fundur í deildinni lengi og enginn aðalfundur á árinu 2021. KW og SH fara af fundi 12:00.		
8.	Afmælisárið, LS 50 ára	<p>SSS segir frá undirbúningi sem gengur vel. Er hann með starfshóp sér til halds og trausts. Gefa á út fylgirit með Fréttablaðinu og stefnt að útkomu þess fyrir páska, aðilar þar sjá um ritstjórn og greinaskrif en hlutverk starfshópsins er m.a. að velja efnisflokk og góða viðmælendur. Rætt hvort senda eigi út tilkynningu á félagsmenn og leita eftir hugmyndum. Kostnaður við fylgiritið greiðist niður af auglýsingum sem seldar verða en einhver kostnaður fylgir þó þessari útgáfu og fara þarf vel yfir fjárhagsstöðu LS áður en farið er í frekari fjárútlát vegna afmælisársins.</p> <p>Rætt um heiðursfélaga, fáir eftirlifandi af núverandi, Vigdís Finnbogadóttir ein þeirra. SSS vill beina athyglinni sérstaklega að stofnfélögum (ca 15 á lífi). SP spyr hvort ekki megi heiðra aðra en félagsmenn, td. þá sem hafa bætt aðstöðu félagsmanna, og nefnir sem dæmi Guðmund á Hvolsvelli.</p> <p>Rætt um alþjóðadag leiðsögumanna þann 21. 2. og afmælisdaginn 6. júní og hvort stefna beri að sérstökum viðburðum þá, t.d. heiðursútnefningum.</p>	U Á	Snorri
			U	Snorri
			U	Snorri
9.	Raunfærnimat	<p>HB kynnir samantekt (sent á stjórn) sem hún hefur gert um fyrri tilraunir LS til að koma á raunfærnimati í samstarfi við hina ýmsu aðila, þar með talið MK, EHÍ, FA, Iðuna, SAF og Hæfnissetur ferðaþjónustunnar. Margra ára umræða og samtali en ekkert gengur. Fagråd eru starfandi innan MK og EHÍ þar sem LS á fulltrúa (sjá heimasíður skólanna) en virðast óvirk, a.m.k. hefur LS ekki verið boðað á fundi fagráðanna.</p> <p>Þróa þarf raunfærnimat, sem er einna best komið hjá skólunum sem sjá hvort eð er um menntunina og útskrifa leiðsögumenn til réttinda. Miða þarf við Evrópustaðalinn IST EN 15565:2008. Endurmenntunarsjóður samþykkti á síðasta ári að styrkja þróun raunfærnimats skv. fundargerð frá 26.11. 2020.</p> <p>Samþykkt að boða fulltrúa skólanna á fund stjórnar sem fyrst og síðar einnig fagráðin, tekur HB það að sér.</p>	U	
			U	
			Á	Harpa
10.	Starfslýsing starfsmanns LS, viðvera, opnunartími, viðtalstími	Gerður verður ráðningasamningur við starfsmann út frá efirfarandi: Starfsmaður vinnur 4 daga vikunnar, mánudag til fimmtudags, og er vinnuframlag 26,6 klst á viku miðað við 75% starf. Opnunartími skrifstofu	U Á	Valva Friðrik

	formanns o.fl.	<p>verði kl. 10-12 og 13-15 mán.- fim. og símatími á opnunartíma. Starfslýsing liggur fyrir en þarf e.t.v. að uppfæra miðað við núverandi fyrirkomulag og starfshlutfall, gjaldkeri fer yfir það. Formaður ætlar einnig að bjóða upp á viðtalstíma á fimmtudögum kl. 11-13. Send verður út tilkynning til félagsmanna um nýjan opnunartíma og viðtalstíma formanns.</p> <p>Koma þarf dyrasíma í gagnið sem fyrst og einnig er fjarfundakerfið í stóra fundarsalnum óvirkt og þarf að fá í lag. Tekur formaður að sér að ýta á eftir þessu hvorutveggja við leigusala.</p> <p>Rætt um að verkefni á skrifstofu hafa aukist mikið, sérstaklega fyrirspurnir um kjaramál. RÁ getur leyst úr mörgum fyrirspurnum hvað þetta varðar en flóknari kjaraálitamálum vísar hún til kjaranefndar til úrlausnar. Ef til vill ráð að bæta upplýsingagjöf á heimasíðunni til að minnka fyrirspurnir og álag á skrifstofu.</p>	Á U U	Friðrik Friðrik Friðrik
11.	Sjúkrasjóður	<p>Stjórn sjúkrasjóðs var boðuð á fund stjórnar en því miður sáu Pétur Gauti og Vilborg Anna sér ekki fært að koma, en Ragnheiður gat það og tekur sæti á fundinum kl.13:30. Bókari sem hafði verið boðaður til að fara yfir stöðu sjóðanna þriggja gat heldur ekki mætt vegna mikilla anna. Boða þarf bókara á sérfund þegar hægist.</p> <p>Hugmyndin var að ræða stöðu sjúkasjóðsins, úthlutanir o.fl. HB hefur gert 5 ára yfirlit út frá ársreikningum sem fundarmenn fá í hendur, sýnir það iðgjöld og inn- og útstreymi. Eins hefur RÁ tekið saman ýmsar tölur um fjölda umsókna o.fl.. Bókari hefur einnig lagt fram bráðabirgðayfirlit ársreikninga sjóðsins fyrir árið 2021 og kemur fram af því að staða sjóðsins er góð, þrátt fyrir umtalsverða lækkun iðgjalda. Einhverjar skammtímakröfur liggja fyrir og þarf að fá útskýringu bókara á þeim síðar.</p> <p>Fram kemur að færri umsóknir hafa borist um sjúkradagpeninga en síðastliðin ár. Flestar umsóknir um styrki eru vegna líkamsræktar og oft sama fólkið sem sækir um. Spurt hvort styrkþegar fái senda launamiða og telur RÁ það gilda aðeins um þá sem þiggja sjúkradagpeninga en ekki aðra. Spyrja bókara betur út í það.</p> <p>Skv. yfirliti úr fyrirtækjaskrá eru upplýsingar um Sjúkrasjóð úreltar og beinlínis rangar og þarf að leiðrétta heimilisfang, umsjónarmann og eiganda.</p> <p>Rætt um kosningu stjórnar sjúkrasjóðs 2021 en lög LS varðandi það breyttust 2020. Á stjórn LS nú engan fulltrúa í stjórn sjóðsins eins og áður var. Af hverju er</p>	U U U	Friðrik Valva Valva Valva Friðrik

		<p>Þessi breyting til komin og er hún til góðs? SSS telur rétt að starfsmaður LS eigi alltaf sæti í stjórn þar sem hann sér um úthlutanir. Einnig þykir SP nauðsynlegt að stjórn LS eigi fulltrúa í stjórn til að gæta lögbundinnar eftirlitsskyldu sinnar og ábyrgðar á fjármálum sjóðsins. Allir sem nú sitja í stjórn sjúkrasjóðs voru kjörnir á aðalfundi 2021 til tveggja ára, en hefði átt að vera víxlun milli ára sem var ekki gætt við kjörið.</p> <p>Ósamræmi er milli laga LS og reglugerðar sjúkrasjóðs um myndun stjórnar sjóðsins. Þetta þarf að samræma í samvinnu við lagabreytinganefnd og leggja svo niðurstöðuna fyrir aðalfund.</p> <p>Gott væri að halda fund fljótlega með bókara og allri stjórn sjúkrasjóðs til að fara betur yfir reglugerð, fjármál, ávöxtun sjóðsins, hækkun styrkja, aldurstakmark vegna iðgjalda og styrkja (67-70 ára líkt og aðrir sjóðir hafa), auglýsingu og fleira. FR tekur að sér að boða fund og einnig að ræða við Íslandsbanka og kanna ávöxtun allra sjóðanna.</p> <p>RÁ viku af fundi 14:15</p>	U	Lagabr. nefnd
			U	
			Á	Friðrik
12.	Endurmenntunarsjóður.	<p>Fundarmenn hafa á fyrri fundi stjórnar fengið í hendur 5 ára yfirlit um styrkveitingar og inn- og útstreymi iðgjalda sem HB tók saman. Nú liggur fyrir til viðbótar bráðabirgðayfirlit ársreiknings 2021 frá bókara. Þrátt fyrir mikið fall í innkomu síðustu 2 ár stendur sjóðurinn nokkuð vel, sem byggir á góðri ávöxtun. Búið er að ákveða umsýslugjald til LS og gengur bókar frá því og skuld vegna fyrri ára. Nokkrar spurningar vakna um skammtímaskuldir og færslur milli sjóðanna sem þarf að spyrja bókara betur út í.</p> <p>Endurskoða þarf reglugerð sjóðsins, líkt og sjúkrasjóðs, og er því vísað til lagabreytinganefndar.</p> <p>Rætt um úthlutanir Endurmenntunarsjóðs og launamiða vegna styrkja, líkt og hjá sjúkrasjóði. Einkum rætt um eina stóra styrkveitingu sem fyrri stjórn Endurmenntunarsjóðs úthlutaði félagsmanni vegna gerðar faghandbókar. Skv. umsókn þar að lútandi átti að skila verkinu í lok sumars 2021, en barst ekki. Ekki hefur heldur borist stöðu- eða áfangaskýrsla vegna verksins þrátt fyrir að formaður hafi kallað ítrekað eftir því og framlengt frest aftur og aftur. Hver eru úrræði sjóðsins?</p> <p>Rætt um gagnsemi og nauðsyn faghandbókar eða sérstaks gagnagrunns fyrir leiðsögumenn, en auk þess að útbúa handbókina þarf líka að sinna uppfærslu og</p>	U	Friðrik Valva
			U	Lagabr. nefnd
			U	
			U	Friðrik

		viðhaldi upplýsinga, sem mun kosta sitt til viðbótar í framtíðinni. Eru fundarmenn efins um gagnsemina á tímum þegar víða má finna góðar upplýsingar á netinu.		
13.	Félagssjóður	Umræðu frestað þar til bókar getur mætt. Gjaldkeri í samvinnu við bókara þarf að panta tíma hjá endurskoðanda fyrir uppsetningu ársreikninga. Einnig að ganga frá yfirlýsingu til bókara vegna ýmissa millifærslna milli sjóðanna.	U	Valva Friðrik
14.	Félagsfundur	Hugmyndin var að halda fund í lok janúar eða byrjun febrúar. Núgildandi sóttvarnarreglur gilda til 2.febrúar. Taka stöðuna þá eða ef breytingar verða fyrir. Ýmsar hugmyndir um heppilega staðsetningu (Íðnó, Norræna Rúgbrauðsgerðin, HÍ, , Ráðhúsið, Björtuloft) en talið heppilegt að fundurinn sé haldinn í nágrenni miðborgarinnar. Fundarefni siðareglurnar og skýrsla starfshóps Ferðamálaráðuneytis 2021.	U	
15.	Heimasíðan	Aron hjá Filmís ætlaði að hitta okkur í dag en vegna veikinda á hann ekki heimangengt. Reiknivélin er tilbúin og fer í loftið hvað af hverju. Leitarvél vegna félagatals er komin áleiðis, fáum prufuhlekk í næstu viku. Þar setur hver og einn upplýsingar um sig inn á Mínar síður og getur líka breytt þeim þar. Stefnt að því að á Mínum síðum verði hægt að sjá ferli umsókna í sjúkrasjóð og endurmenntunarsjóð, afgreiðslu þeirra o.fl. Afgreiðsla þeirra fer líka inn í DK-bókhaldskerfið og sparar það starfsmanni heilmikla vinnu og auðveldar allt utanumhald. Rætt um vankanta á núverandi heimasíðu en SP og SSS munu fara vel yfir hana og taka að sér að sníða þá helstu af. Spurning hvort laga eigi núverandi heimasíðu eða gera alveg nýja? SSS hefur kannað málið og borið undir nokkra fagaðila. Niðurstaðan er sú að ráðlegast sé að halda þeirri gömlu og uppfæra hana í samvinnu við Filmís, sem þekkir heimasíðuna og hefur reynst félaginu vel. Fara þarf vel yfir alla uppsetningu, skipulag, veftré, efnistöð, myndefni, flipa um afslætti o.fl. Einnig þarf að uppfæra vefumsjónarkerfið og leita leiða til að verjast tölvuárásam. SP og SS munu skipuleggja verkþætti og leggja fyrir Aron og fá tilboð í hvern verkþátt fyrir sig. Taka fyrst fyrir strúktúr, svo textagerð og útlit. Textagerð fyrir sjóðina er vísað til stjórna þeirra, en þar þarf að tilgreina hvaða þjónustu hver sjóður veitir, með hlekk á reglugerð og umsóknareyðublað.	U U Á U	Snorri Sigrún Snorri Sigrún

		Hvað varðar rafræn skilríki þá hefur Filmís ekki reynslu af gerð þeirra, og þyrfti líklega að leita annað. SSS kannar málið.	U	Snorri
16.	Umhverfið í ferðaþjónustunni	Formaður greinir frá því að oft þegar haldnar eru ráðstefnur eða málþing á vegum ferðaþjónustunnar þá gleymist að gera ráð fyrir þátttöku leiðsögumanna. Farið yfir hvernig Leiðsögn er kynnt á heimasíðum hinna ýmsu samtaka ferðaþjónustunnar (SAF, Íslandsstofa, Ferðamálastofa, Íslenski ferðaklasinn, Vakinn) en það fer lítið sem ekkert fyrir því núna. Æskilegt að það sé a.m.k. hlekkur á heimasíðu félagsins, og sums staðar líka á félagatalið þegar það verður komið í gagnið. Gott væri að treysta tengslin við Ferðamálastofu. Formaður ætlar að hafa samband við þessa aðila.	U	Friðrik
17.	Skýrsla starfshóps Ferðamálaráðun., lögverndun starfsheitis, fundur með ráðherra o.fl.	Margt í skýrslunni hefur þegar verið rætt í stjórn og á þessum vinnufundi, en ákveðið að bíða betri tíma með ítarlegri úttekt. Samþykkt að ýta á leiðsöguskólann í MK með gerð nýrrar námsskrár. Rætt um möguleikann á lögverndun starfsheitis á afmælisári? Formaður skrifaði nýverið og birti grein þar sem hann fagnar nýjum áherslum um samþættingu ferðaþjónustu og menningar og færði Lilju, ráðherra hins nýja ferða- og menningarmálaráðuneytis, góðar óskir í þessari vegferð sinni. Greinir hann frá því að ritari ráðherra hafi í framhaldinu haft samband við sig og boðið til fundar með ráðherra til að ræða samþættingu menningar og ferðamála. eru þetta mjög ánægjulegar fréttir og verður fundurinn haldinn í næstu viku.	U Á	Friðrik Guðný Friðrik
18.	Forgangsröðun verkefna til vors, útdeiling verkefna	Þar sem langt er liðið á daginn og fundarmenn teknir að lýjast, er ákveðið að hver og einn sendi tillögu í tölvupósti til hinna um 5 mikilvægustu málefni sem unnið skuli að fram að aðalfundi, að mati hvers og eins. Tekið saman þegar borist hafa tillögur frá öllum.	U Á	Stjórn
19.	Önnur mál	1. GME tilkynnir að hún hafi haft samband við Jónas Guðmundsson hjá Landsbjörgu og hann er til í að kynna Safe-Travel og önnur öryggismál í ferðaþjónustunni fyrir félagsmönnum. Tekur hann ekkert gjald fyrir framlag sitt. Finna þarf heppilega dagsetningu og form á þessu fræðsluerindi út frá aðstæðum í þjóðfélaginu á covid-tímum. Nefnir einnig möguleika á að fá formann Landverndar til að halda erindi um náttúruvernd og umhverfisvitund. GME tilkynnir líka		Guðný

	<p>að EHÍ vilji hækka gjaldið fyrir fræðslunámskeiðin um helming, úr 1000 í 2000 kr. pr haus, sem þykir bratt.</p> <p>2. Rætt um nauðsyn þess að gera könnun meðal félagsmanna sem varpað gæti ljósi á m.a. samsetningu félagsmanna, afstöðu til fagdeildar, aðild að stéttarfélaginu, launamál, verktakagreiðslur, kjarasamninga, ráðningafyrirkomulag, starfshlutfall við leiðsögn o.fl.. Áður hefur verið gerð slík könnun í samstarfi við ferðamálafræðinámið á Hólum. Samþykkt að hafa samband við tvo skóla og óska eftir að nemendur geri slíkt verkefni fyrir Leiðsögn, HB hafi samband við Bifröst og Guðný hafi samband við MK.</p> <p>3. SP stingur upp á að Leiðsögn hafi frumkvæði að ráðstefnu um náttúruvernd, öryggismál, aðstöðu á ferðamannastöðum, átroðning, dagskvóta ferðamanna á viðkvæm svæði, orkuskiptin o.fl. til að horfa á málin heildstætt og fá grunn til að standa á til framtíðar – gera þetta í samstarfi við SAF, Landsbjörgu, Landvernd, Þjóðgarðana, Vakann, rútufyrirtæki o.fl. List fundarmönnum vel á þessa hugmynd.</p> <p>4. Rætt að í heimabanka fagdeildarfólks sé komin rúkkun fyrir fagdeildargjaldi með gjalddaga 31. janúar, en var 1. maí áður. Svona breytingar þarf að tilkynna félagsfólki með góðum fyrirvara. Eins þarf að tilkynna tímanlega um greiðslu lágmarksgjaldsins, en frestur vegna þess er til 1. febrúar. En fyrst þarf að ráða fram úr því hvernig beri að túlka lögin, það þarf að vera mjög skýrt hverjum ber að greiða lágmarksgjaldið og hverjum ekki. Fá Indriða til að greiða úr því og eins ræða við lögfræðing ASÍ.</p>	U	Á	U	U	Harpa Guðný	Friðrik Snorri
Fundi slitið 17:10	Formaður þakkar fyrir afar góðan og skilvirkan vinnudag og slítur fundi.						

Fundargerð staðfest:

 Friðrik Rafnsson, formaður

 Harpa Björnsdóttir, ritari